

Fundargerð

310. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs (fjarfundur)

Fimmtudaginn 19. ágúst 2021 kl. 8³⁰ – 9⁴⁰

Mætt: Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Benedikt S. Benediktsson (BSB) Ása Hauksdóttir (ÁH), fundarritari.
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BG)
Hildur Hauksdóttir (HH)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Eygerður Margrétardóttir (EM)

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt frestað.

2. Fyrirkomulag funda í haust.

Lagt er til að annar hver fundur verði fjarfundur og hinn staðfundur.

3. Veiðarfærasamningur.

Á síðasta fundi var ákveðið að senda drög að samningi um veiðarfæri til UST til umsagnar í samræmi við 3. mgr. 17. gr. laga um úrvinnslugjald. UST hefur skilað umsögn sem HH gerir athugasemdir við. Hún leggur til fund með UST, LGH og ÓK. HH ætlar að taka saman svör við athugasemdunum. BG vakti athygli á að í ábendingum frá sveitarfélögunum hafi komið fram að veiðafæragerð í Grindavík verði ekki hluti af samningnum, og að ekki séu móttökustöðvar á Suðurnesjum.

Frekari umræðu um umsögnina og samninginn frestað.

4. Ársreikningur

Á síðasta fundi var ákveðið að ganga frá ársreikningum 2017-2020 í ljósi breytinga á ákvæðum laga um úrvinnslugjald um tekjur sjóðsins en breytingarnar eiga að taka gildi 1.1.23. FJS hefur sent sjóðnum ársreikninga 2017-2020 og samanburðarblað á tekjum af úrvinnslugjaldi annars vegar og fjárheimildum hins vegar. Óskað hefur verið eftir því við FJS að slíkur samanburður verði hluti af ársreikningum sjóðsins.

HÞH og BSB ræddu mikilvægi þess að haldi yrði utan um mismun á fjárveitingum og álögðu úrvinnslugjaldi og að það lægi skýrt fyrir hvernig fjárveitingar væru leiðréttar til að jafna út þennan mismun. Áfram verður unnið með málið í samstarfi með UAR og FJS.

5. Pappírsumbúðir.

Umræðu frestað.

6. Flutningsjöfnun.

Á síðasta stjórnarfundum var rætt um að fá utanaðkomandi aðila til að fara yfir núverandi fyrirkomulag flutningsjöfnunar. ÓK fór yfir verklýsingu og tímaáætlun.

7. Önnur mál.

Engin.

Næsti fundur 2. september 2021 kl. 8:30.

Fundi slitið kl. 09:42